



Herdís menntaskólanemi

1. Hver eru sparnaðarráð Herdísar?

Svar: Að vera með peninga á sér og skilja stundum kortið eftir heima - annars er svo auðvelt að eyða.

2. Hvað kostar Herdís?

Svar: 45.500 kr.

3. Finnst ykkur það vera mikið eða lítið?

Hefðuð þið haldið að hún kostaði meira? Af hverju?

4. Hvað kostið þið núna?

5. Í hvað er Herdís að eyða sem hún myndi vilja minnka?

Svar: Herdís myndi helst vilja sleppa við að kaupa hádegismat eða bara mat yfir höfuð.

6. Hvað haldið þið að þið eyðið miklu í mat/nesti á viku?

7. Hvenær fékk Herdís fyrsta peninginn sinn?

Svar: Fyrsta skipti sem herdís var með einhverja stóra upphæð í höndunum var þegar hún fermdist.

8. Hvað gerði Herdís við fermingarpeningana sína?

Svar: Þeir eru enn á reikningi og ætlar hún að geyma þá fyrir þarfari kosti en skyndikaup.

9. Eigið þið enn ykkar fermingarpeninga?

10. Finnst ykkur Herdís vera skynsöm í fjármálum? Hvernig þá?

11. Hver er versta fjárfestingin ykkar?